

söfnuður, er einhverra hluta vegna gangi úr félaginu, skyldi eftirláta félaginu allar sínar eignir, enn fremur, klofnaði félagið, skyldi sá hluti þess, er héldi sig við hina fornu upprunalegu trúarjátningu, sitja að öllum eignum félagsins. Já. „Hafi einhver lagadeilur við þig um kyrtil þinn, þá lát honum og yfirhöfn þína lausa“.

Presbyterakyrkjan samþykkir nú orðið með öðru fólki, að viljakraftur mannsins og þrá eftir því góða sé aðal-undirstaða als mannlegs hreinleika í orði og verki. En ófáanlega má þó skilja það sem svo, að ekki sé maðurinn í eðli sínu spiltur og vondur, né í honum sé nokkur neisti réttlætis og guðdómleika varanlegur. Hún prédikar hart móti því verslega valdi, sem hirðir ekki um að koma fram ábyrgð gegn sakadölgum. Ekki hafa þó þing hennar síðustu, nú hvert eftir annað, séð sér fært að útstryka af játningarrítum sínum forlaga kenninguna um að maðurinn sé frá upphafi veröldu, án síns eigin tilverknaðar eða verðleika valin til eilífrar sælu eða eilífrar vansælu, að börnunum ungu og saklausu, er deyja áður en þau fá mælt nokkurt orð, sé kastað í helvíti.—Að öll verk ill og góð sé framin í blindni og menn því í raun réttir ábyrgðarlausir óvitar í öllu sem þeir gjöra.

Og ekki vill Baptista-kyrkjan heyra það að hætta megi við þá skírni að kaffæra syndarana. Ef allur líkaminn er ekki í vatni, svo er ekki syndin þvegin burt,—synd svitans og svitaholunnar.

Án rauðu borðanna, skygnishúfunnar, bumbunnar og básúnunnar, „amen og halleluja“, háreysti hjálpraðishersins, virðist „hernum“ lítið um saðna guðsdýrkun á jörðunni. „Herópið“ boða „frið á jörð“ og „blód og eldur“ „velþóknun yfir mönnunum“. Satan einn hrædist skröltið og hleypur úr hlaði eins og ljóntryltur útigangsklár við hávaða hrossafélunnar.

Fremur virtist Skeklum (Shakers) siðurinn orðinn spiltur, ef ekki fylgdi krampinn og sínadrátturinn bænahaldi og helgum tíðum. Ef hvorki kreptist kné eða úlnliðir væri „afturhvarfsins“ langt að bíða og friðarríkið fjarri. —

Þetta kalla menn trú, leiðsögu, guðspjónustu! Þetta er